

Tillaga fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands í velferðarráði

Lagt er til leigjendur hjá Félagsbústöðum sem eru í vanskilum fái tækifæri til þess að greiða niður leiguna án þess að skuldin verði send til innheimtufyrirtækis með tilheyrandi kostnaði. Lagt er til að Félagsbústaðir taki um samtal við velferðarsvið/velferðarráð um að leigjendur fái t.d. stuðning í gegnum styrk eða lán hjá velferðarsviði.

Greinargerð:

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands hefur lagt fram ýmsar tillögur sem snúa að því að borgin hætti að nota innheimtufyrirtæki þegar kemur að skuldum borgarbúa. Það er mjög erfitt fyrir fólk sem býr við erfiða efnahagslega stöðu að sjá skuld fara til innheimtufyrirtækis þar sem skuldin hækkar og hefur slæm áhrif á lánshæfismat viðkomandi. Fulltrúi sósíalista lagði t.a.m. til þann 9. október 2019 í velferðarráði að allt yrði gert til að tryggja að Félagsbústaðir fái þann stuðning sem þau þurfi á að halda til að halda sjálf utan um skuldir leigjenda í stað þess að senda þær til innheimtufyrirtækja. Tillagan fól í sér að Félagsbústaðir kortleggi hvað þurfi að eiga sér stað svo að slíkt gæti orðið að veruleika. Eins og staðan er nú geta leigjendur sótt um lán eða styrk hjá velferðarsviði til að greiða leigu ef viðkomandi á í erfiðleikum með slíkt. Það eru ekki allir sem uppfylla reglur og skilyrði sem settar eru fyrir slíkri aðstoð og því er lagt til að allt verði gert til að tryggja að skuldir leigjenda endi ekki hjá innheimtufyrirtækjum þar sem slíkt ber með sér mikinn kostnað fyrir borgarbúa.